

## LEIÐBEININGAR TIL ÆÐARBÆNDA VEGNA FUGLAFLENSU

Náið samstarf hefur verið haft við sóttvarnalækni við gerð leiðbeininga til almennings og alifuglabænda vegna fuglaflensu. Það er fyrst og fremst sóttvarnalæknir sem ber ábyrgð á að leiðbeina fólki um smitvarnir og fuglaflensu þ.e. að smit berist ekki úr fuglum í menn, en Landbúnaðarstofnun (LBS) ber ábyrgð á leiðbeiningum um að verja dýr fyrir smiti, þ.e. að villtir fuglar smiti ekki alifugla né önnur dýr.

Hægt er að sjá leiðbeiningar, spurningar og svör tengdar fuglaflensunni á [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is). Innan skamms mun sama efni inn verða birt á heimasíðu Landbúnaðarstofnunar, [www.lbs.is](http://www.lbs.is) og [www.yfirdyralaeknir.is](http://www.yfirdyralaeknir.is). Samantekt um fuglaflensu má finna á [www.yfirdyralaeknir.is](http://www.yfirdyralaeknir.is).

Varnir gegn fuglaflensu sérstaklega fyrir æðarbændur hafa verið ræddar við sóttvarnalækni. Talið er að afar litlar líkur séu á að fólk smitist af fuglaflensu úr sýktum æðarfuglum þó svo að fuglaflensuafbrigðið  $H_5N_1$  muni berast til landsins með t.d. farfuglum nú í vor. Til þess að draga en frekar úr líkum á að smit geti borist í menn úr æðarfuglum, er mælt til þess að menn klæðist sérstökum vinnufötum við vitjun hreiðra sem og aðra vinnu við fuglana og að einnota hanskar séu einnig notaðir við vinnu þar sem drit hefur mengað egg eða dún. Einnig er handþvottur með sápu að lokinni vinnu fyrirbyggjandi. Fuglaflensusmit drepst á 30 mínútum í  $60^\circ\text{C}$  heitu vatni (þvottavélavatn). Einnig stuðlar sápa að drápi veirunnar. Sóttthreinsun (handspritt eða sambærilegt) eykur öryggi, en forsendan er að sóttthreinsun fari fram eftir þvott - sóttthreinsun á driti/óhreinindum gagnar ekki!

Neysla eggja er talin örugg ef þau eru soðin - fuglaflensuveiran drepst á 1 mínútu í  $70^\circ\text{C}$  heitu vatni. Þegar dúnn er hreinsaður má ætla að veiran drepist, þar sem talssverður hiti er notaður við verkun hans.

Mikilvægt er að hafa hugfast að fuglaflensan  $H_5N_1$  er FUGLASJÚKDÓMUR sem í fáum tilvikum hefur smitað menn (hefur verið staðfest í 175 tilvikum síðan 2003 í heiminum). Miðað við alla þá sem hafa komist í snertingu við veiruna, má álykta að fuglaflensan  $H_5N_1$  sé ekki mjög smitandi í menn þó það hafi gerst í ofangreindum tilvikum. Enginn hefur hingað til smitast vegna snertingar/sambýlis við villta fugla, einungis eftir nán tengsl við SÝKTA ALIFUGLA þar sem smitmagn er mun meira en í sýktum villtum fuglum.

Æðarfugl er andategund en þeir fuglar eru taldir geta hýst allar tegundir fuglaflensuveirunnar ( $H_5N_1$  og allar aðrar). Þeir veikjast sjaldan, en geta borið smit í aðra fugla, villta fugla sem alifugla. Að verja æðarfugla gegn  $H_5N_1$ -smiti úr farfuglum er talið óframkvæmanlegt. Eina leiðin til þess er að aðskilja æðarfugla frá öðrum villtum fuglum, einkum driti úr smituðum fuglum.

Fuglaflensusmit í tjörnum er algengt þar sem fuglar drita oft í þær. Þetta smit getur magnast upp í tjörnunum yfir sumarið. Smitmagnið í tjörnunum er nægilega mikið til að smita aðra fugla, en varla til að smita fólk. Hinsvegar er þekkt að fólk getur smitast

af *Campylobacter* og/eða *Salmonella* við böðun í "drit"-menguðum tjörnum. Þess vegna er ekki mælt með því að fólk baði sig í tjörnum þar sem mikið er um fugla.

Vegna seltu í sjó og útþynningar smitefnisins í honum sökum flóðs og fjöru má reikna með að þessir þættir dragi úr líkum á að fólk veikist eftir sjóböð.

Að fósra æðarunga eru væntanlega háð leyfi umhverfisyfirvalda. Ef áhættustig I (litlar líkur á að fuglaflensa H<sub>5</sub>N<sub>1</sub> berist til landsins) er í gildi er ekki ástæða til þess að breyta út af hefðbundnum venjum við fósrun æðarunganna. Ef áhættan eykst þ.e. áhættustig II tekur gildi (miklar líkur á að fuglaflensa H<sub>5</sub>N<sub>1</sub> berist til landsins), er lagt til að æðarungarnir séu ekki teknir í fóstur.

Jarle Reiersen  
Dýralæknir alifuglasjúkdóma

10. mars 2006